

Reykjavíkurborg  
Skipulagsfulltrúi  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. júní 2016  
UST201605-009/K.S.J.  
10.04.02

## Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030 - nýr kirkjugarður í Úlfarsfelli.

Vísað er til erindis deildarstjóra aðal- og svæðisskipulags á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar er barst 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030, nýr kirkjugarður í Úlfarsfelli.

### Staðsetning

Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu eru tveir mismunandi kostir fyrir kirkjugarð skoðaðir. Annars vegar staðsetning á Geldinganesi og hins vegar staðsetning í Hamrahlíðarlöndum undir Úlfarsfelli. Í greinargerð kemur fram að haugsetja þurfi 500.000 – 600.000 m<sup>3</sup> efnis í Úlfarsfelli á um 22 ha lands. Áætlað er að efnið fái af uppbyggingarsvæðum innan Reykjavíkur.

Einnig kemur fram að ekki er reiknað með að aðkeyrt efni þurfi í kirkjugarð í Geldinganesi. Í Geldinganesi yrði votlendissvæði fyrir röskun á áhrifasvæði kirkjugarðs. Votlendið er yfir 20.000 m<sup>2</sup> og nýtur því sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### Umhverfismat

Umhverfisstofnun tekur undir að flutningur 500.000 – 600.000 m<sup>3</sup> mun skapa aukið álag á samgöngukerfi á framkvæmdatíma. Umhverfisstofnun tekur undir tillögur um mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda við kirkjugarð í Úlfarsfelli á framkvæmdatíma.

### Votlendi

Umhverfisstofnun tekur undir að það yrðu neikvæð umhverfisáhrif af gerð kirkjugarðs í Geldinganesi þar sem votlendi er nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd myndi raskast.

### Verndarsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir það að kirkjugarður í Geldinganesi hefði mjög neikvæð áhrif á svæði á náttúruminjasrá.

### Niðurstaða

Umhverfisskýrsla er fylgir erindinu er afar greinargóð og gerir Umhverfisstofnun að öðru leyti ekki athugasemd við hana. Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöðu skýrslunnar.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Sérfræðingur